

Beiðni um stuðning við starfsemi Frú Ragnheiðar á Akureyri

Berist til bæjarstjórnar Akureyrar

Mannréttindaviðurkenning Akureyrarbæjar 2022

Vorið 2022 fengu hópstjórar Frú Ragnheiðar á Akureyri, Berglind Júlíusdóttir og S. Edda Ásgrímsdóttir Mannréttindaviðurkenningu Akureyrarbæjar fyrir framlag sitt til Frú Ragnheiðar á Akureyri. Viðurkenningin er mikilvæg fyrir þá sjálfboðaliða sem gefa tíma sinn og þekkingu í þágu mannúðar en ekki síður fyrir þá skjólstæðinga sem sækja í þjónustu verkefnisins sem margir hverjir eru jaðarsettir vegna stöðu sinnar. Viðurkenningin er staðfesting á því að verkefnið Frú Ragnheiður á Akureyri er mikilvægt og þarft úrræði í þjónustu við þá einstaklinga sem nota vímuefni um æð á Akureyri.

Þarfagreining

Þann 7. júní 2017 var skipaður starfshópur innan Eyjafjarðardeildar Rauða krossins til að kanna þörf fyrir skaðaminnkandi verkefni á Akureyri í líkingu við verkefnið Frú Ragnheiður sem Reykjavíkurborg hafði þá annast á höfuðborgarsvæðinu um tíma. Starfshópurinn vann þarfagreiningu í samvinnu við verkefnastýru Frú Ragnheiðar í Reykjavík með því m.a. að funda með fulltrúum frá Lögreglunni á Akureyri, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Fjölskyldusviði Akureyrarbæjar, Búsetusviði Akureyrarbæjar, Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Akureyri og SÁÁ. Alla fundina sátu af hálfu Rauða krossins tveir hjúkrunarnemar, Sigríður Edda Ásgrímsdóttir og Berglind Júlíusdóttir, sem höfðu þá nýlega skrifað BS-ritgerð við Háskólann á Akureyri um mögulega þörf á skaðaminnkandi verkefni á Akureyri („Skaðaminnkandi nálgun: er þörf fyrir skaðaminnkandi starfsemi á Akureyri?“). Niðurstöður þarfagreiningarinnar gáfu til kynna að um 20 – 30 einstaklingar á Akureyri neyttu vímuefna um æð.

Lýsing á verkefninu

Frú Ragnheiður á Akureyri hefur verið starfrækt á vegum Eyjafjarðardeildar Rauða Krossins frá ársbyrjun 2018. Verkefnið þjónustar einstaklinga með erfiðan fíknivanda og veitir þeim heilbrigðisaðstoð, sálrænan stuðning og nálaskiptaþjónustu. Unnið er út frá hugmyndafræði skaðaminnkunar sem snýst m.a. um að draga úr jaðarsetningu þeirra sem glíma við erfiðan fíknisjúkdóm og með því móti auka aðgengi þeirra að lágmarks heilbrigðisþjónustu. Mikið er lagt upp úr því að mæta skjólstæðingum með virðingu að leiðarljósi og reyna að auka lífsgæði þeirra sem eru jaðarsettir vegna fíknivanda. Markmið verkefnisins eru m.a. að stuðla að öruggari sprautunotkun, koma í veg fyrir blóðborna sjúkdóma hjá fólki sem sprautar sig með vímuefnum um æð og vinna gegn því að sprautubúnaður sé skilinn eftir á víðavangi. Skaðaminnkandi hugmyndafræði hefur sannað gildi sitt undanfarin ár og miðar að því að veita

lágþröskuldarþjónustu sem byggir á því að lágmarka skaða sem verður við ákveðna hegðun án þess að gera kröfu um að einstaklingurinn láti af eða breyti hegðuninni.

Helstu verkefni Frú Ragnheiðar eru eftirfarandi;

- **Nálaskiptaþjónusta:**
 - Dreifa hreinum búnaði sem kemur í veg fyrir sýkingar og blóðborna sjúkdóma eins og HIV og HEPC.
 - Farga notuðum búnaði á öruggan hátt, skjólstæðingum að kostnaðarlausu. Þannig má koma í veg fyrir að notaður búnaður skaði aðra.
 - Skaðaminnkandi leiðbeiningar.
- **Heilbrigðisþjónusta:**
 - Sjálfboðaliði á heilbrigðisvakt metur og fylgist með einkennum og þróun sýkingar. Læknir á bakvakt skrifar út sýklalyf þegar þess er þörf.
 - Bjóða upp á skimun fyrir smitsjúkdómum eins og HIV og lifrabólgu C.
 - Dreifa og fræða um notkun Nyxoid nefúða sem kemur í veg fyrir ótímabær dauðsföll af völdum opíóða.
 - Meðferð vegna æðabólgu.
 - Sáraumbúnaður.
- **Sálrænn stuðningur:**
 - Stærsti hlutinn af því sem sjálfboðaliðar gera er að veita sálrænan stuðning og nýta notendur sér þetta vel. Falleg og mikilvæg tengsl hafa myndast á milli sjálfboðaliða og skjólstæðinga.

Framtíð Frú Ragnheiðar á Akureyri

Ekki eru til opinberar tölur um hversu margir einstaklingar á Akureyri nota vímuefni um æð en áður nefnd þarfagreining frá árinu 2017 gaf til kynna að um væri að ræða 20 – 30 einstaklinga. Skjólstæðingar Frú Ragnheiðar eru orðnir 32 fyrstu 8 mánuði ársins 2022 en það er talsverð fjölgun frá fyrri árum. Til samanburðar má nefna að allt árið 2021 sóttu 23 einstaklingar í þjónustuna, því er tæplega 40% aukning í verkefnið á fyrstu 8 mánuðum ársins frá því í fyrra. Komum í bálinn hefur sömuleiðis fjölgað og eru orðnar 262 fyrstu 8 mánuði yfirstandandi árs en þær voru 195 allt árið 2021. Líklegasta skýringin á fjölgun skjólstæðinga er að verkefnið hefur verið starfrækt í fjögur og hálf ár og á þeim tíma hefur myndast traust á milli sjálfboðaliða og skjólstæðinga auk þess sem gott orð fer af Frú Ragnheiði á landsvísu. Jafnframt hefur þjónustan verið eflað verulega s.l. ár – með aukinni heilbrigðisþjónustu, dreifingu á lyfinu Naloxone/Nyxoid og með tilkomu samstarfs við veitingarhús á Akureyri sem gefur skjólstæðingum heita matarbakka þrisvar í viku. Hópstjórar Frú Ragnheiðar á Akureyri telja því ekki vera aukningu á fjölda þeirra einstaklinga sem nota vímuefni um æð á starfssvæðinu heldur frekar að fleiri einstaklingar nýti sér nú þjónustuna.

Frá upphafi verkefnisins hefur fjölbreyttur sjálfboðaliðahópur mannað þrjár vaktir í viku, allan ársins hring. Tveir sjálfboðaliðar eru á hverri vakt, annar með heilbrigðismentun. Í ljósi

nýjstu upplýsinga um fjölgun heimsókna í Frú Ragnheiði á Akureyri verður metið hvort þurfi að bæta við fleiri vöktum.

Á næstu misserum verður unnið að því þróa verkefnið enn frekar og getur það orðið með ýmsum hætti, t.d. með því að bregðast enn frekar við þeim næringarvanda sem margir skjólstæðingar lifa við, ásamt því að reyna eftir fremsta megni að aðstoða með þann húsnæðisvanda sem oft kemur upp hjá skjólstæðingum Frú Ragnheiðar. Þörf er á að þróa enn betur samstarf milli Frú Ragnheiðar og annarra stofnana sveitarfélagsins sem geta þjónustað einstaklinga sem glíma við alvarlegan fíknivanda. Auk þess eru fyrirhuguð kaup á æðaskanna sem auðveldar einstaklingum að finna nothæfar æðar og koma þannig í veg fyrir óþarfa stungur sem geta leitt til sýkinga og annarra alvarlega heilsufarsvandamála. Rauði krossinn telur þörf á umræðu um stöðu einstaklinga með alvarlegan fíknivanda á Eyjafjarðarsvæðinu og er í undirbúningi málþing/ráðstefna um málaflokkinn sem bundið er vonir við að halda á Akureyri vorið 2023.

Beiðni um stuðning

Ljóst er að verkefnið fer hratt vaxandi og samhliða því þarf Rauða kross deildin á Eyjafjarðarsvæðinu að bregðast við hvað þjónustu við skjólstæðinga þess varðar. Eins og gefur að skilja eykur vöxtur verkefnisins útlagaðan kostnað svo um munar. Undanfarin ár hefur verið lagt í kostnað við kaup á bifreið og rekstur hennar og ráðning starfsmanns í hlutastarf vegna aukinna umsvifa í verkefninu. Jafnframt hefur útlagður kostnaður vegna þess búnaðar sem verkefnið dreifir til skjólstæðinga sinna (nálar, sprautur o.s.frv.) tvöfaldast milli ára. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að kostnaður verkefnisins muni verða í kringum 5 milljónir.

Frú Ragnheiður er, samkvæmt bestu vitund umsækjenda, eina skaðaminnkandi nálaskiptaþjónusta utan Höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja en þar starfar einnig Frú Ragnheiður. Verkefnið léttir álagið hjá öðrum opinberum aðilum sem sinna jaðarsettum einstaklingum með fíknivanda og má ætla að verkefnið nái, að hluta, til einstaklinga sem sækja ekki þjónustu annað. Verkefnið er því afar þýðingarmikið, fyrst og fremst fyrir skjólstæðinga þess en ekki síður fyrir samfélagið í heild sinni.

Með þessu bréfi óskar Eyjafjarðardeild Rauða krossins eftir stuðningi frá Akureyrarbæ með fjárframlagi í verkefnið sem myndi gera Rauða krossinum kleift að halda áfram að bregðast við aukinni þörf meðal þeirra einstaklinga sem nota vímuefni um. Líkt og ofangreind tölfræði sýnir fram á er þörfin fyrir Frú Ragnheiði á Akureyri sannarlega til staðar.

Verkefnið hefur ekki fastan samning við ríkið né sveitarfélag og er rekstrargrundvöllur byggður á styrkveitingum frá ári til árs og eru tekjur aldrei fyrirséðar hverju sinni.

Með vinsemd,

Ingibjörg E. Halldórsdóttir, deildarstjóri Rauða krossins við Eyjafjörð og Berglind Júlíusdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri Frú Ragnheiðar á Akureyri